

# Byggðarsamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

## 1. fundur stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Árið 2010, 23. desember kl 11.50 kom stjórn Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks saman til fyrsta fundar í framhaldi stofnfundar samlagsins. Fundurinn var haldinn í fundarsal Háskólaseturs Vestfjarða, Árnagötu 2-4, Ísafirði og með aðstoð síma frá Bíldudal og Hólmavík..

Stjórn sem kjörin var á stofnfundi er sem hér segir; Albertína F Elíasdóttir, Ísafjarðarbæ, Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð, Jón Jónsson, Strandabyggð, Ómar Már Jónsson, Súðavíkurhreppi og Sigurður Pétursson, Ísafjarðarbæ. Fundurinn kaus einnig formann stjórnar, Albertínu F Elíasdóttur.

Formaður setti fundinn og bauð stjórnarmenn velkomna til starfa, mætt voru til fundar auk formanns þau Friðbjörg Matthíasdóttir (í síma frá Bíldudal), Jón Jónsson (í síma frá Hólmavík), Ómar Már Jónsson og Sigurður Pétursson. Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga sat fundinn og ritaði fundargerð.

### 1. Framkvæmdastjórn, skráning samlagsins og bankaviðskipti samlagsins.

Samkvæmt ákvæði 5. gr samstarfssamnings byggðasamlagsins skal skrifstofa Fjórðungssambands Vestfirðinga annast rekstur samlagsins. Stjórn samlagsins felur framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga að skrá samlagið hjá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra og undirbúa önnur gögn er varðar framkvæmdastjórn samlagsins fyrir næsta fund, s.s. bankaviðskipti, reikningshald og endurskoðun.

### 2. Starf verkefnisstjóra byggðasamlagsins.

Stjórn vísar til stofnfundar samlagsins þar sem hvatt er til að hraða ráðningu verkefnisstjóra byggðasamlagsins en jafnframt að leita leiða til að brúa starfsemi samlagsins fram að ráðningu verkefnisstjóra. Stjórn samþykkir eftirfarandi;

- Að fela framkvæmdastjóra FV að auglýsa starf verkefnisstjóra á grundvelli starfslýsingar í erindisbréfi sem kynnt var með stofngögnum félagsins. Miðað skal við að fullt starf verði að ræða. Stjórn setur einnig fram það mat að þegar reynsla er komin á rekstur samlagsins, að huga verði að endurskoðun á starfshlutfalli verkefnisstjóra t.d. eftir fyrsta starfsár þess.
- Að fela framkvæmdastjóra FV að leita eftir tímabundnum samningi við Arnheiði Jónsdóttur um verkefnisstjórn samlagsins, starf hennar hafi hliðsjón af erindisbréfi verkefnisstjóra. Ráðningartími verði að hámarki til 15. febrúar n.k.. Arnheiður vann sem verkefnisstjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga að undirbúningi að stofnun samlagsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12.15.

Albertína F. Elíasdóttir

Friðbjörg Matthíasdóttir

Ómar Már Jónsson

Jón Jónsson

Sigurður Pétursson

# Byggðarsamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

## 2. fundur stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Árið 2011, 10. janúar kl 12.15 kom stjórn Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks saman til fundar á skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga, Árnagötu 2-4, Ísafirði og með aðstoð síma frá Patreksfirði og Hólmavík.. Fundurinn var haldinn samhliða stjórnarfundum stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, í síma frá Patreksfirði, Jón Jónsson í síma frá Hólmavík og Ómar Már Jónsson, Súðavíkurbreppi. Sigurður Pétursson boðaði forföll og sat varamaður hans Jóna Benediktsdóttir fundinn í hans stað. Auk þess sátu fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð og Arnheiður Jónsdóttir, verkefnastjóri.

Formaður setti fundinn og vísaði til dagskrá sem send var út með tölvupósti þann 7. janúar s.l..

### 1. Málefni Byggðasamlags Vestfjarða

#### a. Staðfesting fundargerðar stjórnar 23. desember 2010

Fundargerð hafði áður verið send út í tölvupósti, engar athugasemdir bárust. Fundargerð staðfest.

#### b. Fundargerð verkefnishóps 6. janúar 2011

Lögð er fram fundargerð 1. fundar verkefnisstjórnar. Verkefnastjóri kynnti efni fundarins. Spurst fyrir um fjárhagsáætlun 2011, vísað til seinni liðar í fundargerð.

#### c. Erindisbréf framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri kynnti drög að erindisbréfi er varðar daglegan rekstur, ritun fundargerða og móttöku erinda og samþykkt um prókúru stjórnar til framkvæmdastjóra.

#### d. Erindisbréf verkefnishóps

Kynnt erindisbréf verkefnahóps. Verkefnisstjóri kynnti að athugasemd hefði komið fram um skammstöfun byggðasamlagsins, BSV, slík skammstöfun er nýtt af öðrum vestfirskum samstökum, samþykkt að breyta skammstöfun samlagsins í BSVest. Rætt um orðalag erindisbréfs og verkefnastjóra falið að breyta því í samræmi við umræðu á fundinum. Erindisbréf samþykkt með áorðnum breytingum.

#### e. Erindisbréf verkefnisstjóra

Kynnt erindisbréf verkefnisstjóra. Fram komu athugasemdir við efnisatriði erindisbréfs. Verkefnisstjóra og framkvæmdastjóra falið að gera tillögu að erindisbréfi í samræmi við umræðu á fundinum og vísa afgreiðslu til næsta stjórnarfundar.

#### f. Fjárhagsáætlun BSVest fyrir árið 2011

Verkefnastjóri gerði grein fyrir athugasemdum verkefnahóps BSVest við fjárhagsáætlun sem fyrir árið 2011 sem lögð var fram að hálfu Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Vestfjörðum og kynnt var sveitarfélögunum um miðjan desember s.l.. Áætlunin byggir á skiptingu stöðugilda yfirstjórnar og ráðgjafar á vegum svæðisskrifstofunnar miðað við núverandi þjónustuhörf innan hvers sveitarfélags. Verkefnastjóri sagði það mat verkefnishóps að ekki hafi verið tekið nægjanlegt tillit til kostnað við stjórnun og samþættingu starfsemi byggðasamlagsins. Stjórn samþykkir að verkefnastjóri og verkefnahópur endurskoði fjárhagsáætlun í samræmi við umræðu á fundinum og verði áætlunin lögð að nýju fyrir á næsta stjórnarfundum.

# Byggðarsamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Arnheiður Jónsdóttir vék af fundi.

g. Önnur mál

Kynnt auglýsing um starf verkefnisstjóra sem birt var í Fréttablaðinu þann 31. desember s.l. og á bb.is og svörun við henni.

Rætt um meðferð fundargerða verkefnishóps, samþykkt sú vinnuregla að kynning þeirra verði með þeim hætti að þær séu afhentar félagsmálastjóra viðkomandi félagsþjónustusvæðis sem leggi þær fyrir félagsmálanefndir viðkomandi sveitarfélaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13.00

Albertína F. Elíasdóttir

Friðbjörg Matthíasdóttir

Ómar Már Jónsson

Jón Jónsson

Jóna Benediksdóttir

# Byggðarsamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

## **3. fundur stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks**

Árið 2011, 25. janúar kl 11.00 kom stjórn Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks saman til fundar á skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga, Árnagötu 2-4, Ísafirði og með aðstoð síma frá Patreksfirði og Hólmavík.

# Byggðarsamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

## 4. fundur stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Árið 2011, 2. febrúar 11.00 kom stjórn Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks saman til fundar á skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga, Árnagötu 2-4, Ísafirði og með aðstoð síma frá Patreksfirði, Hólmavík, Súðavík og Ísafirði.

Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, í síma frá Patreksfirði, Jón Jónsson í síma frá Hólmavík, Ómar Már Jónsson í síma frá Súðavík og Sigurður Pétursson í síma frá Ísafirði. Auk þess sat Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Til fundarins var boðað með tölvupósti 28. janúar 2011, ætlun var að fundurinn yrði á Hólmavík en vegna ófærðar varð að boða til símafundar.

Dagskrá.

### 1. Fjárhagsáætlun BSVest.

Kynnt yfirlit fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010, frá Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Vestfjörðum. Kalla verður eftir nánari upplýsingum um niðurstöðu rekstur svæðisskrifstofu síðustu ára til að fá nánari samanburð á áætlun BSVest fyrir árið 2011

### 2. Bréf Ísafjarðarbæjar, 1. febrúar 2011. *Ráðning verkefnisstjóra Byggðasamlags Vestfjarða*

Kynnt bréf Ísafjarðarbæjar varðandi ráðningu verkefnisstjóra Byggðasamlags Vestfjarða. Óskað er eftir að beðið verði með fastráðningu verkefnisstjóra þar sem fjárhagsmál og önnur útfærsla málaflokksins er í óvissu. Lagt er til að leitað verði samninga um tímabundna ráðningu.

### 3. Ráðning verkefnisstjóra.

Rætt um stöðu ráðningar verkefnisstjóra með hliðsjón af umræðu á fundinum. Samþykkt að starfið verði miðað við 80% starfshlutfall með endurskoðun í aðdraganda aðalfundar samlagsins í september n.k..

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11.45.

Albertína F. Elíasdóttir

Friðbjörg Matthíasdóttir

Ómar Már Jónsson

Jón Jónsson

Sigurður Pétursson